

Sp.

265. Tillaga til þingsályktunar

[135. mál]

um rannsókn á iðnaði fyrir kaптún og þorp, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Flm.: Bergþór Finnbogason, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og gera tillögur um, á hvern hátt ríkisvaldið getur bezt stuðlað að auknum, hagkvæmum iðnaði í kaптúnum og þorpum, sem byggja ekki afkomu sína á sjávarútvegi.

Nefndin skal skila álit og leggja tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Allur nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa orðið miklar breytingar á atvinnu- og lífnaðarháttum þjóðarinnar. Þessar breytingar hafa haft í för með sér fólksflutninga frá einum stað til annars og oft skapað mikil þjóðfélagsvandamál, sem reynt hefur verið að leysa með aðstoð af almannafé.

Fyrst í stað lá fólksstraumurinn úr sveitunum eingöngu til kaupstaðanna og sjávarþorpanna, sem byggðu afkomu sína á verzlun, iðnaði og sjávarútvegi með margvíslegum stuðningi hins opinbera. En síðustu tvo til þrjú áratugin hafa orðið breyting á þessu. Þegar akvegir teygðust út um byggðir landsins, fór verzlun og viðskipti ört vaxandi. Þessi auknu viðskipti kölluðu á fleiri verzlunarstaði. Og í skjóli nýrra vega og ökutækja gátu þeir vaxið og blómgastr í miðri byggð. Nú var ekki lengur vogur og vík, bryggja eða hafnarгарður skilyrði fyrir nýjum verzlunarstað. Verzlunin dreifðist um landið. Þorp og kaптún mynduðust á krossgötum og meðfram þjóðvegum.

Atvinnuvegir þessara nýju kaптúna voru ekki margbrotnir. Oftast voru þeir tengdir verzlunum staðarins og flutningum á vörum og afurðum bænda til og frá. En eigi að síður fjölgaði fólkinu stöðugt á þessum nýju verzlunarstöðum. Nú er svo komið, að íbúatala sumra þeirra er mun hærri en margra gömlu sjávarþorpanna. Og dæmi eru til þess, að íbúatala þeirra sé hærri en smæstu kaupstaðanna. Þessi öra íbúafjölgun sveitaþorpanna er nú að skapa nýtt þjóðfélagsvandamál.

Fólkinu fjölgar svo ört, að atvinnuönguleikarnir, sem kaптúnin hafa að þjóða, eru ekki fullnægjandi. Og þegar hin unga kynslóð kemst á legg, verður hún að leita sér atvinnu á fjarlægum stöðum. En það skapar oft mikla erfiðleika á heimilunum og er ekki heldur þjóðfélaginu hættulaust, að unglingar skuli þurfa að slíta fjöl-skyldutengslin svo fljótt.

Fjárhagsgeta kaптúnanna til að koma á fót nýjum atvinnugreinum er ekki mikil og vart hugsanleg, nema til komi aðstoð annars staðar að.

Það virðist því liggja beinast við, að hið opinbera rétti hér hjálparhönd, ekki sízt þegar litið er til þess, að sjávarþorp og útgerðarbær hafa notið nokkurs stuðnings af hálfu hins opinbera til ýmissa framkvæmda, bæði með beinum fjárframlögum og ríkisábyrgðum. Þessi stuðningur hefur orðið mörgum sjávarþorpum mikil lyftistöng og raunverulega ákvarðað vöxt þeirra og velgengi. Sameiginlegur sjóður skattþegnanna hefur þannig verið notaður til þess að létta fólkinu lífsbarrttuna á þessum stöðum. Slíkrar náðar hafa sveitakaптúnin ekki enn orðið aðnjótandi. Það er því ekki óeðlilegt, að þau vænti einhvers stuðnings, þegar þörfin kallar hjá þeim. Þá er það ekki síður mikilvægt, að iðnaður þessara kaптúna sé skipulagður af einum og sama aðila, svo að hann megi nýtast þjóðarheildinni sem bezt. Það virðist því allra hluta eðlilegast, að hið opinbera leggi hér hönd að verki.

Með flutningi þessarar tillögu til þingsályktunar er ætlazt til þess, að Alþingi kjósi 5 manna nefnd, sem rannsaki möguleika fyrir auknum iðnaði í kaптúnum sveitanna. Nefndin skal að rannsókn lokinni gera tillögur um það, hvernig eðlilegast væri að leysa þetta mál með hagsmuni viðkomandi staða og þjóðarheildarinnar fyrir augum og á hvern hátt ríkisvaldið getur létt byrjunarörðugleikana, hvort heldur er með beinum fjárframlögum eða ríkisábyrgðum — eða hvoru tveggja.